

**436. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,
Tálknafirði, miðvikudaginn 14. desember 2011 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir (BB), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun. Svo var ekki. Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá að tekin verði á dagskrá sem liður nr. 4 fundargerð 85.fundar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða haldinn þann 2. desember s.l.. Aðrir liðir færast aftar sem því nemur. Afbrigðið samþykkt samhljóða. Gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. **1111014F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 39**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
2. **1111096 - Félagsmálanefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, fundargerðir 5. og 6.fundar.**
Fundargerðirnar staðfestar samhljóða.
3. **1112013F - Hafnarstjórn Tálknafjarðarhrepps - 3**
4. töluliður tekinn út til afgreiðslu: Byggingafulltrúa falið að vinna málið skv. bókun bygginganefndar á 39. fundi þann 28. nóvember 2011 og bókun hafnarstjórnar á 3. fundi þann 13. desember 2011. Samþykkt samhljóða.
1.-3. og 5. liður staðfestir samhljóða.
4. **1112053 - Heilbrigðiseftirl Vestfj - fundargerð 02.12.2011.**
Lagt fram til kynningar.
5. **1112032 - Villimey beiðni um gerð afnota og tínslusamnings**
Oddviti ásamt lögmanni sveitarfélagsins falið að gera drög að samningi sem síðan verður kynntur eiganda Villimeyjar og sveitarstjórn, endanlegur samningur síðan lagður fyrir hreppsnefndarfund. Samþykkt samhljóða.
6. **1112019 - Skagafjörður - Ályktun vegna tillagna frá starfshópi sjávarútvegsráðherra.**
Lagt fram til kynningar.
7. **1112018 - Útgáfufélag Búnaðarsb. Vestfj - styrkbeiðni vegna útgáfu.**
Samþykkt að kaupa eintak af bókinni Fólkið, landið og sjórinn til útleigu á bókasafni Tálknafjarðar. Samþykkt samhljóða.
8. **1112011 - Umhverfisstofnun - kynning á till. kvíaeldisst Fjarðarlax ehf - Fossfirði - Arnafirði.**
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps gerir engar athugasemdir við tillöguna.

Samþykkt samhljóða.

9. **1112012 - Umhverfisstofnun - kynning á till kvíeldisstöð Arnarlax ehf - Arnarfirði**

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps gerir engar athugasemdir við tillöguna.
Samþykkt samhljóða.

10. **1111040 - Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2012.**

Farið yfir fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2012, síðari umræða. Með áorðnum breytingum á milli umræðna eru lykiltölur sem hér segir :

Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps aðalsjóður 2012:

Tekjur alls kr. 192.481.000.-
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði kr. 217.127.000.-
Rekstrarniðurstaða, neikvæð kr. 14.035.000.-
Veltufé til rekstrar kr. 19.383.000.-
Afborganir langtímalána kr. (11.139.000.-)
Handbært fé í árslok kr. 2.408.000.-

Fjárhagsáætlun B-hluta fyrirtækja Tálknafjarðarhrepps 2012:

Rekstrarniðurstaða Hafnarsjóðs, hagnaður kr. 4.630.000.-
Rekstrarniðurstaða Fráveitu, hagnaður kr. 1.602.000.-
Rekstrarniðurstaða Félagslegra íbúða, tap kr. (7.078.000.-)
Rekstrarniðurstaða vatnsveita, hagnaður kr. 946.000.-
Veltufé frá rekstri kr. 7.796.000.-
Afborganir langtímalána kr. (2.134.000)

Fjárhagsáætlun samstæðu Tálknafjarðarhrepps 2012:

Tekjur alls kr. 223.347.000.-
Gjöld alls kr. 207.616.000.-
Rekstrarniðurstaða, jákvæð kr. 6.865.000
Veltufé frá rekstri kr. 22.180.000
Afborganir langtímalána kr. 16.611.000
Handbært fé í árslok kr. 2.423

Framkvæmdir :

Lokið verður við endurbyggingu gömlu bryggju og samkvæmt drögum að samgönguáætlun 2011-2014 er áætlaður heildarkostnaður með vsk kr. 157.000.000.- Taka þarf langtímalán fyrir hlut Tálknafjarðarhrepps áætlaður hlutur sveitarfélagsins er að hámarki 36 milljónir króna.
Vinnsluhola á Sveinseyrarhlíð : þar sem ekki liggur fyrir hver staða fjármögnunar er vegna stöðu Orkusjóðs. Farið verður í framkvæmdina á árinu 2012 en vinna þarf að fjármögnun.
Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2012, samþykkt samhljóða.

11. **1108041 - Jafnréttisstofa - jafnréttisáætlun.**
Samþykkt samhljóða.
12. **0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**
Íbúaskrá hefur verið yfirfarin og sendar inn upplýsingar til þjóðskrár, íbúar í Tálknafjarðarhreppi eru 277 miðað við 1.des. 2011.
Oddviti gerði starfssamning við Kristrínu Helgu Marinósdóttur í 20% starf við félagsmiðstöðina Tunglið frá 1. janúar 2012.
Ekkert aukaframlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga féll í hlut Tálknafjarðarhrepps vegna ársins 2011.
Kveikt verður á jólatrénu á Lækjartorgi kl. 16.30 fimmtudaginn 15. desember.
13. **1112013 - Heilbrigðiseftirl Vestf - neysluvatnssýni 09.11.2011**
Lagt fram til kynningar.
14. **1112015 - UMFÍ - 47. sambandsþing - tillögur til kynningar.**
Lagt fram til kynningar.
15. **1106044 - Umhverfisráðuneytið beiðni um umsögn við stjórnsýslukæru dags. 6.júní 2011.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____